

Samantekt um hugmyndir Ísafjarðarbæjar Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á aðalfundi Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, sem haldinn var í Bolungarvík þann 24. maí 2017:

Aðildarsveitarfélög í Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs hefji sameiginlega vinnu við að skoða breytt fyrirkomulag á rekstri málaflokksins á þjónustusvæði BsVest og þá sérstaklega þann möguleika að Ísafjarðarbær verði leiðandi sveitarfélag, með svipuðum hætti og Sveitarfélagið Skagafjörður er fyrir sjö sveitarfélög á Norðurlandi Vestra. Markmið þessarar skoðunar væri að bæta nýtingu fjármuna og þjónustu við fatlað fólk á Vestfjörðum. Niðurstaða skoðunar liggja fyrir ekki síðar en fyrir árslok 2017.

Ályktunin sprettur af hugmyndum Ísafjarðarbæjar um að sveitarfélagið taki að sér að vera leiðandi í þjónustu við fatlað fólk á Vestfjörðum.

Á grunni ofangreindrar ályktunar óskaði stjórn BsVest eftir frekari skýringum og útfærslu á þeirri leið sem Ísafjarðarbær sæi fyrir sér yrði hann leiðandi sveitarfélag. Útfærslan frá Ísafjarðarbæ, „...um breytt skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á Vestfjörðum...“, er lögð fram á minnisblaði bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar dags. 15. september 2017 ásamt skipuriti sem fylgir í Excel skjali.

Stjórn BsVest ákvað einnig að skerpa á úrvinnslu ályktunarinnar og eingöngu yrði til umræðu og skoðunar sú leið að Ísafjarðarbær verði leiðandi sveitarfélag. Ef niðurstaðan verður að halda áfram með byggðasamlag mun sveitarfélag geta skoða þá tilhögun betur síðar ef vill.

Stutt lýsing á fyrirkomulaginu

Leiðandi sveitarfélag ber alla ábyrgð á þjónustunni og selur hana til hinna sveitarfélaganna samkvæmt samningum – er því nánast eins og verktaki. Allir starfsmenn málaflokksins yrðu starfsmenn Ísafjarðarbæjar og svara til sviðsstjóra og bæjarstjóra hjá Ísafjarðarbæ, starfsmennirnir yrðu þó áfram staðsettir um alla Vestfirði, með sama hætti og í dag. Fjárhagslegri ábyrgð á málaflokknum í heild deilist þó áfram á öll þáttökusveitarfélög.

BsVest yrði lagt niður og stöðugildi innan þess. Sambærileg aukning yrði í stöðugildum hjá Ísafjarðarbæ og auglýst eftir umsækjendum. Starfsmenn annarra sveitarfélaga yrðu ráðnir til Ísafjarðarbæjar og sinntu í grunninn áfram sínum störfum, þeir yrðu hinsvegar orðnir hluti af hinu stóra teymi Ísafjarðarbæjar í þessum málaflokki og ættu þannig kost á mun meiri faglegum stuðningi í sínum störfum.

Skipurit fylgir til skýringar útfærslunni. Það sýnir hvernig starfsmenn málaflokksins um alla Vestfirði heyra undir bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar. Í skipuritinu er fjallað um fjárhagsráð og ráðgjafaráð. Að fenginni umsögn fjárhagsráðs allra sveitarstjóra og ráðgjafaráðs félagsmálastjóra allra sveitarfélaga – eftir því sem við á – munu bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar og félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar taka allar ákvarðanir um málaflokkinn, ef þær teljast ekki til daglegrar framkvæmdastjórnar. Sveitarfélög ættu svo kost á úrsögn úr þjónustusamningi ef

ákvarðanir þættu ekki fullnægja þjónustubörf heima í héraði eða væru á annan hátt taldar óréttmætar. Einnig má benda á ákvæði 96. gr. sveitarstjórnarlaga, sem setur ramma utan um svona samstarf, sem og efnis samnings sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra frá 26. janúar 2016, sbr. auglýsing 710/2016 um staðfestingu ráðuneytisins.

Bætttri nýtingu fjármuna og betri þjónustu við fatlaða verður náð með þessu aukna samstarfi og samræmingu. Stærri hópur starfsfólks hefur meiri getu til að leita nýrra leiða og finna útfærslur sem geta bæði kostað minna og veitt betri þjónustu.

Breytingar úr byggðasamlagi yfir í leiðandi sveitarfélag þurfa talsverðan aðdraganda og gætu ekki gerst á næsta ári. Innanríkisráðuneytið þarf að samþykkja tilhögunina og fara yfir að allt sé samkvæmt lögum og þeim kröfum sem gerðar eru.